

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2023

## Efni

Umsögn Matís ohf. um þingsályktunartillögu um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, mál nr. 50/2023.

## Umsagnaraðili

Matís ohf., <https://matis.is/>

## Umsögn

Matís tekur fagnandi þingsályktunartillögu um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025. Hér að neðan er umsögn Matís um aðgerðirnar.

## Meginviðfangsefni

Þarf að styrkja og auka fjármögnun í rannsóknir, nýsköpun og kennslumál á Íslandi. Ísland er fyrir neðan OECD viðmiðið en við ættum að vera a.m.k á pari við hin Norðurlöndin.

### 1. Aðgerðir sem styðja markmið í háskóla- og vísindastarfi.

#### 1.1. Sókn í STEAM greinum forsenda meiri nýsköpunar og öflugri alþjóðageira

Má bæta við þverfaglegu samstarfi milli greina, t.d. listnáms og náms í líffræði og verkfræði.

#### 1.2. Fjölgun nemenda í heilbrigðisvísindum til að mæta hraðri öldrun þjóðarinnar.

Fjölga líka nemendum í Matvæla- og næringafræði til að styðja við lýðheilsu aldraðra.

#### 1.3. Aukið samstarf háskóla er forsenda samkeppnishæfni þeirra

Það þarf líka að auka samstarf háskóla, stofnana og atvinnulífs.

#### 1.4. Nýtt reiknilíkan treysti fjármögnun háskóla

Tökum undir að breytingar á reiknilíkaninu er ein leið til að bæta tengingu milli atvinnulífs og háskólanna um færni á vinnumarkaði.

## 2. Aðgerðir sem styðja við markmið í nýsköpun og hugverkaiðnaði.

### 2.2. Uppbygging sameiginlegra rannsóknainnviða efli þekkingargreinar

Styðjum, það er brýn þörf á uppbyggingu sameiginlegra rannsóknainnviða

2.7. Hugvitið virkjað í þágu loftslagsmála, sjálfbærni og matvælaframleiðslu. Hugvits- og nýsköpunarstarf verði áfram virkjað til að leysa margs konar samfélagslegar áskoranir. Það á t.d. við í þágu sjálfbærni og loftslagsmála í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og jafnframt á sviði matvælaframleiðslu þar sem mikilvægt er að ýta undir nýsköpun.

Styðjum það, enda matvælaframleiðsla undirstaða fæðuöryggis á Íslandi.

Við vonumst til að athugasemdir okkar geti stutt við aðgerðaáætlunina.

Fyrir hönd Matís,

Anna Kristín Daníelsdóttir

Aðstoðarforstjóri og Rannsókn- og nýsköpunarstjóri Matís ohf.